



Íslenska 3. bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Við lok 3. bekkjar getur nemandi: <i>Talað mál, hlustun og áhorf</i> Beitt skýrum og áheyrulegum framburði. Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. Hlustað eða horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</p>	<p>Noti kennarastýrðar stöðvar þar sem þeim verður viðkomið í t.d. hringekjum. Gefi nemendum endurgjöf og leiðbeiningar þegar þeir eru að lesa upphátt eða segja frá. Gefi nemendum tækifæri á að tjá sig, segja frá og lesa uppúr eigin texta.</p>	<p>Fari eftir fyrirmælum framsagnaramboða. Æfi sig í endursögn. Kunni að nota amboð fyrir áheyrendur Æfi sig í að hlusta á aðra og gefi uppbyggjandi leiðbeiningar</p>	<p>Símat Fylgst verður með framförum og metið jafnóðum.</p>
<p><i>Lestur og bókmenntir</i> Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.</p>	<p>Fylgi eftir lestri heima og í skóla ásamt vinnu í orðakistu. Pals, pör að lesa saman. Skipulegi lestrarátök a.m.k. 2x yfir veturinn. Skapi aðstæður fyrir yndislestur í skólanum. Notist við vinnubækur til að efla lesskilning og orðaforða. Æfi gangvirkan lestur. Sjái nemendum fyrir lesefni við hæfi</p>	<p>Verði læs á margskonar texta, efli hugmyndaflug, auki orðaforða og víkki reynsluheim sinn. Noti eigin þekkingu og reynslu við mismunandi verkefnavinnu. Efli lesskilning í sem víðastri merkingu. Noti lesefni við hæfi bæði í skólastofu og á bókasafni. Þjálfist í upplestri, lesa í hljóði og hlustun.</p>	<p>Leið til læsi Læsi Orðarún Leiðsagnarmat í vinnubókum. LH-60 lesskimunarpróf</p>



<p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</p> <p>Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími.</p> <p>Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.</p> <p>Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum</p>	<p>bæði í skólastofu og á bókasafni.</p>	<p>Geti yfirfært eigin reynslu og þekkingu yfir á ritað mál.</p>	
<p>Ritun</p> <p>Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.</p> <p>Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.</p> <p>Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</p> <p>Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.</p> <p>Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efni.</p> <p>Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</p> <p>Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</p>	<p>Hafi skriftaramboð sýnileg í stofu</p> <p>Notist við kennarastýrðar hringekju stöðvar</p> <p>Æfi sóknarskrift</p> <p>Láti nemendur skrifa upp réttan texta</p> <p>Notist við vinnu í gagnvirkum forritum í tölvum og spjaldtölum.</p> <p>Nýti gagnvirkan lestur, hópavinnu og stöðvavinnu.</p>	<p>Æfi sig að skrifa frásagnir samkvæmt ákveðnum fyrirmælum.</p> <p>Kunni einfaldar stafsetningarreglur, nýti sér ritunaramboð og þjálfði sig í að beita þeim.</p> <p>Lesi upp eigin texta og leyfi öðrum að lesa.</p> <p>Ná leikni í stafsetningu.</p> <p>Efli lesskilning.</p> <p>Ná leikni í tölvuvinnslu.</p> <p>Efli færni í upplestri</p>	<p>Leið til læsis</p> <p>LH-60 lesskimunarpróf</p> <p>Leiðbeinandi mat</p> <p>Orðarún</p>



<p>Málfræði</p> <p>Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.</p> <p>Búið til málsgrein.</p> <p>Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.</p> <p>Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</p> <p>Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnaorða.</p> <p>Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins og fundið kyn og tölu.</p> <p>Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.</p> <p>Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og farið í orðaleiki.</p> <p>Geri sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.</p>	<p>Þjálfari nemendur í að tjá sig skýrt og áheyrilega; kenni þeim upplestraratriði.</p> <p>Æfi virka hlustun. Láti nemendur taka þátt í stuttum leikþáttum, söngatriðum eða upplestri.</p> <p>Vinni með fjölbreytileg verkefni s.s. með paravinnu, hópavinnu í hringekju, vinnubókum, spilum, leikjum og samræðum.</p> <p>Innlögn og amboð sýnileg með útskýringum á þeim þáttum sem unnið er með.</p>	<p>Lesi upphátt eigin texta og annarra.</p> <p>Æfi sig að skrifa fyrirmyndarmálsgreinar.</p> <p>Vinni verkefni í vinnubókum, ganvirkum æfingum í tölvu, lesi og skrifi margvíslegan texta. Vinni með tungumálið á margvíslegan hátt s.s. með spilum og leik.</p> <p>Viti að málsgrein byrji á stórum staf og endar á punkti, viti að það það kemur stór stafur á eftir punkti.</p> <p>Þekki samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, sérhljóð og samhljóð, kynnist ng/ nk reglunni.</p> <p>Læri að þekkja nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, samsett orð og fallbeygingu orða.</p> <p>Þekki einnig rím, bókstafi, orð, málsgreinar og þjálfist í að bera fram öll íslensk málhljóð.</p> <p>Læri að fara eftir nokkrum stafsetningarreglum t.d. að hafa bil á milli orða, hafa upphafsstafi á eftir punkti, kynnist notkun orðabóka.</p>	<p>Stöðug endurgjöf.</p> <p>Leiðbeinandi mat á nemendum meðan á vinnu stendur.</p> <p>Meta unnin verkefni og gefa leiðsagnarmat.</p> <p>Leggja kannanir fyrir.</p>
--	--	--	--